

Árið 2024, 3. nóvember kl. 15:00 kom landskjörstjórn saman til fundar í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu í Reykjavík til að úrskurða um gildi framboða við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024.

Fyrir er tekið framboð J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi og kveðinn upp svofelldur

#### ú r s k u r ð u r nr. 25/2024:

Hinn 31. október 2024 klukkan 11:40 var framboðslista með 14 nöfnum frambjóðenda skilað rafrænt til landskjörstjórnar, f.h. Sósíalístaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi við alþingiskosningar 30. nóvember 2024, ásamt 11 fullgildum rafrænum undirskriftum frambjóðenda þar sem þeir samþykkja að nöfn þeirra séu sett á framboðslistann. Auk þess fylgdu upplýsingar um heiti stjórn málasamtakanna sem bjóða listann fram og listabókstaf þeirra, tilkynning um umboðsmenn listans sem taki við athugasemdum um galla sem kunna að vera á framboðslistanum og munu gæta réttar listans við undirbúning og framkvæmd kosninga ásamt samþykki þeirra, auk rafrænna meðmæla til stuðnings framboðslistanum og fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er boðinn fram.

Hinn 31. október 2024 klukkan 11:44 mætti fulltrúi J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Hörpu og afhenti landskjörstjórn 9 blaðsíður af meðmælum til stuðnings framboðslistanum og fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er boðinn fram. Einnig var skilað inn umboði eins frambjóðanda, ritað eigin hendi, um að hann veitti umboðsmanni sínum heimild til að undirrita fyrir sína hönd samþykki fyrir að taka sæti á framboðslistanum. Hlutaðeigandi umboðshafi undirritaði framboðslistann með fullgildri rafrænni undirskrift.

Sama dag kannaði landskjörstjórn tilkynningu um framboð og framboðslista J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi til kosninga til Alþingis, þau meðmæli sem framboðslistanum fylgdu og önnur fylgigögn. Könnunin leiddi í ljós að yfirlýsingar tveggja frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á framboðslistann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við a. lið 1. mgr. 39. gr. kosningalaga nr. 112/2021, skorti.

Á grundvelli 1. mgr. 44. gr. kosningalaga nr. 112/2021 hélt landskjörstjórn fund klukkan 21:00 þann 31. október 2024 þar sem umboðsmönnum allra þeirra framboða sem skilað höfðu framboðslistum var veittur kostur á að vera viðstaddir. Á þeim fundi var m.a. tilkynnt að komið hefðu fram gallar á framboði J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi og að umboðsmönnum listans væri gefinn kostur á að bæta úr þeim göllum, þ.e. að yfirlýsingar tveggja frambjóðenda skorti.

Síðar sama kvöld, klukkan 22:54, sendi landskjörstjórn umboðsmönnum J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi tölvupóst með nánari upplýsingum um gallana og veitti þeim frest til klukkan 21:00 þann 1. nóvember 2024, í því skyni að bæta úr þeim, í samræmi við heimild 1. mgr. 44. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Klukkan 15:22 þann 1. nóvember 2024 barst landskjörstjórn, í tölvupósti, samþykki þeirra tveggja frambjóðenda sem skorti, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á framboðslistann, undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift.

Landskjörstjórn hefur á ný farið yfir öll gögn sem lögð hafa verið fram af J-lista Sósíalaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi og leiddi könnunin í ljós að framboðið uppfyllir skilyrði kosningalaga nr. 112/2021.

Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða landskjörstjórnar að framboð J-lista Sósíalaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024 sé gilt.

### ÚRSKURÐARORÐ

Framboðslisti J-lista Sósíalaflokks Íslands í Norðvesturkjördæmi við kosningar til Alþingis þann 30. nóvember 2024 er gildur.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald formaður (sign.)

Arnar Kristinsson (sign.)

Elín Ósk Helgadóttir (sign.)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)

Ákvörðun landskjörstjórnar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr. kosningalaga, innan 20 klukkustunda frá því að hún var afhent. Skal beina kærur til nefndarinnar á netfangið [urskurdarnefndkosningamala@dmr.is](mailto:urskurdarnefndkosningamala@dmr.is).